



1. september 2021  
Tilv.: 2107092

Númer: 46/2021

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja, lánastofnana, rekstraraðila markaða, rekstarfélaganna verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annarra sem málið varðar

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um þekkingu og hæfni

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um þekkingu og hæfni (ESMA71-1154262120-153 Guidelines for the assessment of knowledge and competence). Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á fót samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleitna og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að stuðla að meiri samleitni í þekkingu og hæfni starfsfólks sem veitir fjárfestingaráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga, samsettar innistæður, fjárfestingarþjónustu eða aðra viðbótarþjónustu.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma71-1154262120-153\\_guidelines\\_for\\_the\\_assessment\\_of\\_knowledge\\_and\\_competence\\_corrigen dum.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma71-1154262120-153_guidelines_for_the_assessment_of_knowledge_and_competence_corrigen dum.pdf)

Þann 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Í 39. gr. laganna er kveðið á um þekkingu og hæfni einstaklinga sem láta í té upplýsingar um fjármálagerninga og þjónustu og eru umræddar viðmiðunarreglur nánari útfærsla á ákvæðinu.

Viðmiðunarreglurnar ná til verðbréfafyrirtækja eins og þau eru skilgreind í 64. tl. 4. gr. laga nr. 115/2021 og hafa verið í gildi í Evrópu frá 3. janúar 2018.

Í viðmiðunarreglunum kemur fram að þekking og hæfni þeirra sem veita fjárfestingarráðgjöf ætti að vera meiri en þeirra sem eingöngu veita upplýsingar um fjárfestingarafurðir og þjónustu. Verðbréfafyrirtæki ætti að tryggja þekkingu og hæfni sinna starfsmanna sem og meta og endurskoða reglulega fylgni við viðmiðunarreglurnar.

Viðmiðunarreglurnar veita leiðbeiningar um hvaða þekkingu og hæfni starfsfólk sem veitir annars vegar upplýsingar um fjárfestingarvörur, fjárfestingarþjónustu eða viðbótarþjónustu ætti að búa yfir og hins vegar hvaða þekkingu og hæfni starfsfólk sem veitir fjárfestingarráðgjöf ætti að búa yfir.

Þá veita viðmiðunarreglurnar leiðbeiningar um skipulagslegar kröfur um mat, viðhald og uppfærslu á þekkingu og hæfni.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlitið áréttar að starfsmenn verðbréfafyrirtækja sem eru með verðbréfaréttindi samkvæmt 40. gr. laga nr. 115/2021 ættu að uppfylla að mestu leyti þær kröfur sem koma fram í 39. gr. laganna. Verðbréfafyrirtækjum ber þó að ganga úr skugga um að starfsmenn hafi fullnægjandi þekkingu og hæfni varðandi atriði sem snúa að fyrirtækinu og þjónustu- og vöruframboði þess.


Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitkerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.


Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglunar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Páll Friðriksson  
framkvæmdastjóri  
markaðir og viðskiptahættir

  
Inga Dröfn Benediktsdóttir  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir